

Stoll gegn Sviss

Dómur frá 10. desember 2007 - Yfirdeild

Mál nr. 69698/01

10. gr. Tjáningarfrelsi

Uppljóstrun trúnaðarmála.

1. Málsatvik

Kærandi, Martin Stoll, er svissneskur ríkisborgari og búsettur í Zürich. Hann er blaðamaður. Í desember 1996 ritaði þáverandi sendiherra Sviss í Bandaríkjunum, Carlo Jagmetti, skýrslu sem var merkt sem „trúnaðarmál“. Skýrslan var notuð í samningaumleitunum milli heimspings gyðinga og svissneskra banka varðandi bætur til fórnarlamba helfarar nasista vegna eigna gyðinga hjá svissneskum bönkum sem enginn hafði gert tilkall til. Skýrslan var send til þess sem sá um málið af hálfu utanríkisráðuneytisins í Bern og afrit voru send til nokkurra annarra starfsmanna svissnesku utanríkisþjónustunnar svo og nítján annarra aðila. Kærandi komst yfir afrit af skýrslunni.

Þann 26. janúar 1997 birti sunnudagsblað í Zürich, Sonntags-Zeitung, tvær greinar eftir kæranda undir fyrirsögnunum „Carlo Jagmetti móðgar gyðinga“ og „Sendiherrann hleypur illa á sig á ný“. Meðfylgjandi þessum greinum voru útdrættir úr skýrslunni. Næstu daga birtu tvö dagblöð stóra kafla úr skýrslunni.

Þann 22. janúar 1999 dæmdi héraðsdómur í Zürich kæranda til að greiða 800 evru sekt vegna birtingar á trúnaðarskjölum. Athæfi hans var talið varða við 293. gr. svissneskra hegningarlaga. Áfrýjun kæranda til æðri dómstóls var hafnað 5. desember 2000. Svissneska blaðamannaráðið, sem fékk málið til meðferðar fyrir tilstilli svissnesku ríkisstjórnarinnar, komst einnig að þeirri niðurstöðu að með því að stytta skýrsluna og taka hana úr samhengi hefði kærandi á óábyrgan hátt látið ummæli sendiherrans virðast hneykslanleg.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að með sakfellingunni hefði verið brotið gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða deildar

Deildin komst að þeirri niðurstöðu í dómi frá 25. apríl 2006 að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi kæranda sem verndað væri í 10. gr. sáttmálans. (Sjá reifun dómsins í *Dómareifanir Mannréttindadómstóls Evrópu*, 1. hefti 2006.)

Niðurstaða yfirdeildar

Dómstóllinn lagði á það áherslu að þeir sem nýttu sér tjáningarfrelsið, þar á meðal blaðamenn, þyrftu að hlíta lögum. Ákvæði 10. gr. sáttmálans fæli ekki í sér ótakmarkað frelsi til tjáningar með tilliti til mikilvægra opinberra hagsmuna. Talið var að skera þyrfti úr um hvort sakfelling kæranda hefði verið nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Í því samhengi þyrfti að bera saman hagsmuni almennings af því að kynna sér mál, sem hefðu samfélagslega skírskotun, og hagsmuni stjórnvalda af því að leysa mál við önnur ríki með farsælum hætti.

Þótt umfjöllun kæranda hefði verið framlag til opinberrar umræðu þótti ljóst að ríkjum væri nauðsynlegt að halda ákveðnum upplýsingum leynilegum til þess að þær þjónuðu tilgangi í diplómátskum samskiptum. Umfjöllun kæranda var talin hafa valdið hagsmunum svissneska ríkisins tjóni. Dómstóllinn taldi að í ljósi starfa kæranda hlyti hann að hafa vitað að háttsemi hans væri refsiverð samkvæmt hegningarlögum. Einnig þótti framsetning kæranda hafa verið með þeim hætti að markmið hans hefði ekki eingöngu verið að upplýsa almenning um atriði er höfðu almenna og

samfélagslega skírskotun heldur að skapa hneyksli. Var það niðurstaða deildarinnar að ekki hefði verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Fimm dómarar skiluðu séráliti.